

Jóhannes með einn af dólgunum úr Þingvallavatni. Þessi vegur 10,2 kg og er 88 cm langur, riflega 20 pundu fiskur samkvæmt nútima 500 g pundum en hefði verið tæp 23 bresk pund hér á árum, sem Össur Skarphéðinsson vitnar til í bók sinni um Þingvallavatnsurriðann.

# STÓRU FISKARNIR ERU MIKILVÆGIR

EFTIR BJARNA BRYNJÓLFSSON

MYNDIR: BJARNI BRYNJÓLFSSON OG PÓRÓLFUR JOHANNESSON.

**Jóhannes Sturlaugsson**, líffræðingur hjá Laxfiskum, hefur rannsakað atferli, vöxt og viðgang Þingvallaurriðans í yfir áratug. Hornsteinn þeirra rannsóknna er vöktun á urriðanum sem hrygnir í Öxará en að auki hefur hann safnað upplýsingum um framþróun hrygningar urriðans í Útfallinu, Efra-Sogi og Ölfusvatnsá.

**S**tofnar Þingvallaurriðans eru í vexti. Í Öxará hrygna nú fleiri hundruð urriðar á hverju hausti í einhverri fegurstu umgjörð sem til er á jarðrísí. Veiðimáðurinn fór með Jóhannesi í urriðagönguna árlegu meðfram Öxará á fallegum októberdegi. Á þessu tímum afmæli göngunnar mættu á annað hundrað manns til að skoða tröllin á riðstöðvunum.

**Össur Skarphéðinsson**, gaf út bókinna *Urriðadans árið 1996. Þar fjallað hann um stórrurriðann í Þingvallavatni í þátið, eins og stofninn sé útdauður. Hvað hefur gerst síðan þá?*

„Hlýnandi veðurfar síðustu ára hefur verið urriðanum hliðholtt og síðan hefur orðið góður árangur af fiskræktar- aðgerðum sem Landsvirkjun stóð fyrir. Þar má nefna að seiði sem alin voru í

seiðaeldisstöð undan urriða úr Öxará og sleppt eins árs gömlum í Þingvallavatn 1993 leiddi til þess að hrygningarstofninn í Öxará braggaðist fyrr en ella. Um það vitnuðu örmerktir og uggaclipptir hrygningarfiskar frá þeirri sleppingu á riðunum í Öxará árin í kringum síðustu aldamót en merking á þeim seiðum voru einmitt fyrstu kynni míni af Þingvallaurriðanum. Frá aldamótum hefur hrygn-

ingarstofninn í Öxará stækkað og sýnu mest allra síðustu árin. Á þessum rúma áratug hefur árlegur fjöldi hrygningarfiska í Öxará farið úr því að vera innan við 100 fiskar upp í riflega 800 fiska. Sleppningar sem Landsvirkjun stóð fyrir á urriðaseiðum af Öxarárstofni í sunnanverð Pingvallavatn árin 2000-2004 hafa skilað þeim árangri að hrygning hefur verið að byggjast upp í Útfallinu og Efra-Sogi síðustu sjó árin og einnig leitt til þess að hrygning í Ölfusvatnsá hefur aukist mikil.

## Allsnægtaborðið Pingvallavatn

**Er þetta ekki allt of stutt svæði fyrir svo marga fiska, til að hrygna á?**

„Vissulega er hann ekki langur sá spotti Öxarár sem um ræðir frá Almarnagjá og út í Pingvallavatn og aðeins hluti hans nýttist urriðanum til hrygningar. Því er ljóst að smæð þessa svæðis takmarkar að ákveðnu leyti mögulegan vöxt stofnsins en þó ekki eins mikil og ætla mætti við fyrstu sýn. Þar kemur til að flest seiðin dvelja einungis sitt fyrsta sumar í Öxaránni en ganga eftir það út í Pingvallavatn þar sem allsnægtaborð biður þeitra. Því eru uppvaxtarskilyrði í Öxará fyrir urriðaseiðin ekki jafn takmarkandi fyrir þann stofn eins og menn gætu ætlað.“

**Hvað eru þetta eiginlega margar hrygningarfholur, fyrst fiskarnir eru svona margir?**


„Aragrúi. Ég er hættur að reyna að telja enda mikill fjöldi sem dreifist yfir langt tímabil. Fyrstu fiskarnir koma fána í september. Flestir koma þó á riðstöðvarnum í október. Eftir því sem við vöktum hrygningarfostfninn lengur höfum við komist að sifellit fleiri nýjum þáttum er varða hrygninguna. Eitt dæmi um slíkt er hve urriðinn getur verið samstiltur í göngum sínum í Pingvallavatni upp á riðin, til dæmis komu um 250 fiskar á einum sólarhring í haust. Annað dæmi um nýjar upplýsingar frá athugunum okkar á hrygningarfiskinum varðar lengd hrygningartímabilsins en það er mun lengra en talið var og við höfum jafnvel séð hrygnandi fiska í janúar. Sú dreifing hrygningarfinsinnar í tímum skiptir miklu. Stærð hrygningarfostfnins í Öxará er ansí vigalegur næstliðin ár, ekki síst þegar litið er til smæðar hrygningarsvæðisins. Við fyrstu sýn gæti virst sem þessi floti hundruða hrygningarfiska væri meiri en svo að gagn væri af hrygningarfáttóku allra þessara fiska eða enn fleiri

fiska ef stofninn heldur áfram að stækka. Almennt gildir að því stærri sem hrygningarfostfninn er því fleiri fiskar hrygna seitn á hrygningartímabili og þar eru stærstu fiskarnir uppistóðan. Hogn frá hrygningu síðla á hrygningartímabili eiga miklu meiri möguleika að komast undan þeim örlogum að vera rutt upp úr árbotninum vegna ísreks og flöðvatns enda eru þá haustumhleypingar yfirstaðanar með tilheyrandi hrognaafföllum. Vægi síðhrygnandi fiska er því margfalt á við þá sem hrygna fyrst. Stærð hrygningarfostfnins er því ávisun á hjólda þessara stórvöxnúrriða sem hrygna í meira mæli þegar mestu hættan á hrognaafföllum vegna haustumhleypingarina er liðin hjá. Það er ein af jákvæðu hlíðum þess að hafa stóran hrygningarfostn í Öxará.“

## Margir stofnar urriða í vatninu


**Eru margir stofnar urriða við Pingvallavatn?**

„Þessu verður að svára játandi. Hinsvegar hefur það verið svo að Öxarárstofninn hefur í um halfa öld verið stærsti urriðastofn vatnsins og um leið staðið að baki stærstum hluta hrygningar urriða í Pingvallavatni. Fram að þeim tíma var það hinsvegar ekki svo því fyrir virkjun á Efra-Sogi, náttúrulegu útfalli Pingvallavatns, þá var stofninn í Efra-Sogi stærsti urriðastofninn en hann hrygndi í ánni og ósi Pingvallavatns, Útfallinu sem Efra-Sog fellur úr. Ástæður brotthvarfs þess stofns voru í fyrsta lagi að Efra-Sog var stiftlað 1959 og vatnini veitt framhjá farvegi Efra-Sogs til framleiðslu raforku um virkjanagöng Steingrimssöðvar. En líkt og Óssur greinir frá í bók sinni þá stuðluðu fleiri þættir að falli þessa stofns, svo sem það að riðmöl sépaðist burtu úr Útfallinu samhliða flóði sem kom til vegna virkjunarframkvæmdanna. Urriðastofninn sem kenndur hefur verið við Ölfusvatnsá virðist aldrei hafa lagt upp laupana. Þó lítið hafi farið fyrir urriða úr Ölfusvatnsá á köflum hefur þessi stofn komist næst Öxarárurriðanum síðustu



hálfa öldina. Þriðji urriðastofninn sem var nefndur til sögunnar var í Pingvallavatni en Villingavatnsárstofninn sem var líkt og án afar líttill að burðum og óvist um hrygningu þar á löngum köflum. Auk þess er mögulegt að fleiri stofnar urriða hafi verið eða sé að finna í Pingvallavatni sem þá hrygna þar sem skilyrði skapast í vatnini sjálfu við innstreyymi linda og lækja. Vissulega vona ég að svo sé og hei meðal annars fengið ákveðnar visbendingar frá hrygnum með fullproska hogn að árstínum þar sem eðlilegt væri að ætla að umræddar hrygnur myndu hrygna, ýmist við kaldar lindir síðsumars eða heitar lindir þegar komið er fram að vetur, heldur en að hefðbundnum tíma frá hausti og fram í fyrrihluta vetrar. Í sambandi við mögulega tilvist urriðastofna þá er þó rétt að minna að í þeim tilvikum sem menn rekast á hrygningarfisk við lindir og læki um hrygningartímamann þá fer því fjarri að það sé ávisun að sá fiskur eigi lögheimili þar. Enda mikil umferð urriða um hrygningartímamann að leið til og frá aðalhrygningarsvæðunum. Óðru málí gegnir ef viðkomandi fiskur er staðinn að hrygningu.

Það er fróðlegt að sjá þá þróun sem hefur átt sér stað í Útfallinu og Efra-Sogi síðustu árin. Fyrir um áratug setti Landsvirkjun



Urridagangan var haldin í tiunda síðunum. Ítrum a fórum októberdegt. A annað hundruð manns mættu til að skoða hófðingjana í Óxará og hlyða á Johannes reða um urridann.

möl í Útfallið til að bæta hrygruningarskilyrði. Seiðum undan Óxararurriða var sleppt þarna sunnan megin í vatnini árin 2000-2004. Þetta hefur leitt til þess að hrygning hefur verið að byggjast upp í Útfallinu og í Efra-Sogi síðustu sjó árin. Þarna er nú viðvarandi hrygning sem vex hægt og bitandi þannig að segja má að þarna sé kominn hinna nýi Efra-Sogsstofn. Í þessu sambandi er rétt að nefna að hrygningarfiskar merktir í Útfallinu hafa ekki komin fram á riðstöðvunum í Óxará eða Ölfusvatnsá. Sama gildir um hrygningarfiska sem merktir hafa verið í Óxará og Ölfusvatnsá, þeir fiskar hafa ekki verið endurheimtir á öðrum riðstöðvum yfir hrygninguna.”

#### **Eru urridastofnarnir í Pingvallavatni sjálfbærir í dag?**

„Stofninn í Óxará er sjálfbær og hefur reyndar verið það allar götur enda þótt fiskréktaraðgerðir hafi fljýt fyrir vexti hans. Sama virðist hafa verið upp á teningnum í tilfelli Ölfusvatnsáurriðanna sem voru orðnir liðfárr en þar er nú stækkanlegt hrygningarfiski. Tíminn verður að leida í ljós hver þróunin verður hjá þeim urridum sem nú hrygna í Útfallinu og Efra-Sogi. Vissulega lofar sú þróun góðu og fróðlegt verður að sjá hvað gerist

þegar aftur verður fiskfært til og frá Efra-Sogi en ætlanir Landsvirkjunar gera ráð fyrir að byggður verði fiskvegur við hlið stíflunnar í Efra-Sogi á næsta ári. Í dag kemst urriði einungis úr Þingvallavatni niður í Efra-Sog en ekki upp attur. Umræður um vöxt og viðgang urridastofna í Þingvallavatni hverfast mikil um hrygningarskilyrði og stærð hrygningarfistofns þar sem áhrifavaldar eru bæði mannum verk, svo sem framkvæmdir og veðar, en einnig almennari umhverfisbreytur. Þær umræður fara eðlilega lítið inn á samspli ætisframboðs og stærðar urridastofna enda mögnum uppendisskilyrði sem Þingvallavatn byður urridanum þar sem hæst ber murtustofn sem í magni telur hundruð tonna.”

#### **Trygglynda parið Eyvindur og Halla**

##### **Hvað gerið þið til að fylgjast með þessum stofnum?**

„Við höfum afað starlegra upplýsinga um lífshætti urridans í vatnini bæði með tilliti til lífsferla og atferlis fiskanna. Með merkingum á seiðum og geldfiskum í ánum og í Þingvallavatni með hefðbundnum fiskmerkjum og ýmsum gerðum raf-eindafiskmerkjum hefur verið mögulegt að

afla upplýsinga um vöxt ókynþroska fiska, dreifingu þeirra og atferli. Á sama hátt hafa merkingar á hrygningarfiski gefið sams konar upplýsingar um kynþroska urriða. Rannsóknir okkar taka til Þingvallavatns og anna sem að því liggja. Í Þingvallavatni hafa rannsóknir á atferli urridanna með hliðsjón af árstíðum og svæðum verið sérlega spennandi en þar hötum við fylgt urridanum frá yfirborði og niður á 100m dýpi og um svæði sem í hita hafa spannað frá 0-20 °C. Hvað árnar varðar þá er það hinsvegar svo að rannsóknirnar í Óxará eru langtum viðamestat meðal annars er hrygningarfiskurinn þar talinn að göngu sinni upp á riðin með kvíkmyndafiskteljara. Þingvallaneftnd hefur stutt við bakið á þessum rannsóknum alla tíð en á fyrr árum rannsóknanna fengust einnig styrkir frá Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun.

Talaði um rannsóknir á ungviði urridans þá er gaman að geta nefnt spánytt dæmi frá rannsóknunum. Fyrir nokkrum dögum takst ég nefnilega á ansi smávaxinn urrida á riðnum og stóðst því ekki mætið að slæða hann upp. Í ljós kom að þarna var 35 sentimetra geljuhængur sem var kominn til að geða sér á hrögnum og rafkenni sem ég hafði sett í hann rúnum tveimur árum áður gerði mér

fært að sjá að þá hafið hann verið um 20 sm langur. Sá stuttí ætlaði sér meira en málteitir af betri gerðinni því hann var orðinn kynþroska og farinn að leita fylgilags við hrygnurnar vænu með því laumulega lagi sem gelguhængum er lagið ofugt við stóru fulltiða haengana sem berjast um hrygnur sínar. Þessi haengur er dæmi um þá hlutfallslega fáu urriða af Öxarárstofni sem hafa þemman lífsferil. Slik frávik eru ekki bara skemmtileg tilbreytni enda eðlilegar ástæður að baki því það dreifir áhættunni í viðgangi stofnsins að fiskarnir hafi fleiri enn einn lífsferil. Það eru einungis haengseiðin sem hafa þessa hjaleið í ástamálunum, enda orkuútlátin minni við sviljaframleiðsluna en hrognaframleiðslu hrygnar og því geta haengar af seiðastærð þroskað svil. Fyrir stuttu náið ég einnig fiski sem er andhverfa haengsins smáa. Þar var á ferðinni lengsta hrygna sem við höfum séð í Öxará, 92,5 sentimetrar að lengd. Síðast sá ég hana fyrir þremur árum en þá var hún 90 sentimetrar og 10 kiló að þyngd. Eitt af því góða við endurfundina núna var að hrygna var með mælimerkí sem gevndi miklar upplýsingar um ferðir hennar í vatninu þessi þrjú ár, bæði yfir dýpið sem hún hélts sig á og hitastigið hverju sinni.”

## Hrygningaráorlof með reglubundnum hætti

### Hvenær kemur fiskurinn fyrst á riðstöðina?

„Urriðinn úr Öxará kemur almennt fyrst til hrygningar fimm til átta ára gamall en þessi eiginleiki stórríðans að kynþroskast svo seint sem og murtugnægð Þingvallavatns gerir honum kleift að vaxa svo mikil sem raun ber vitni þessi ár fram að fyrstu hrygningu. Með hliðsjón af kynþroskaaldri urriðans og því hve gamall harin getur orðið þá eru nokkuð margir árgangar að störfum á riðunum hverju sinni eða frá 5 – 16 ára fiskar, auk einstaka yngri gelguhænga. Sumir fiskar taka sér hlé frá hrygningu og stundum er síkt hrygningaráorlof með reglubundnum hætti annað hvort ár. Arlega er því stórhópur hrygningarfiska sem hvílir sig trá hrygningunni til að ná því næringarástandi að hafa orku til framleiðslu hrognar eða svilja og til að takast á við þær glimur sem hrygningin útheimtir. Stærri og eldri fiskarnir eru í hærti hlutfalli í þessum hópi enda líkamsstarfsemi þeirra, þ.m.t. vöxturinn, komin á annað og rólegra röl en hjá þeim sem yngri eru. Vöxtur



I Drekkingsarhyl má sjá mikil sjanarspil. Hér eru Jóhannes og samstarfsmaður hans hjá Laxfishum, Erlendur Geirdal að störfum. Almannagjá í baksýn.

stórvaxinna hrygningarfiska er þannig allt náður í um einn smi á ári likt og gildi um hrygnuna stóru sem nefnd var til sogunnar. Það breytir því ekki að þegar þessi tröll mæta til leiks á ástarellina í Öxará þá skiptir framlag þeirra miklu. Þannig eru hrogn stóru hrygnanna sterri og geta lifvænilegri seiði en minni hrygna auk þess sem stóru urriðarnir hrygna almennt yfir lengra tímabil með minni aftöllum á þeim hrognum sem hrygnt er síðla á tímabiliðum samanborið hrygningu snemmhendis.”

### Hefur veiðialagid í vatninu áhrif á stofninn?

„Stærð hrygningaráorlofsins um þessar mundir segir manni það að veiðialagið er ekki meira en það að fjöldi hrygningarfiska hefur vaxið á heildina lítið, einkum Öxarárstofnínunum. En það skiptir samt sem áður miklu málí að leyta staðri hrygningarfiskum að taka þátt í hrygningunni vegna þeirra jákvæðu eiginleika sem þeir hafa umfram minni fiskana með hlidsjón af viðgangi stofnsins. Vegna þessarar gagnsemi þá hvet ég menin til að sleppa stórum urriða þó svo að það hafi ekki úrslitaáhrif um þessar mundir að það hvert ástand urriðastofnanna er. Ég vil serstaklega nefna veiðar í Þorsteinsvíkinni og annarstaðar undan Nesjahrauninu þar sem miklar urriðaveiðar eru stundaoðar snemima vors. Þar er hlutfallslega mikil af urriða á ferðinni sem hrygnir í Ölfusvatnsá og Útfalli og þeir stofnar eru enn sérlega viðkvæmir. Veiðimenn ættu að huga að því að veiðin í Þorsteinsvík hefur bein áhrif á upphyrgingu þessara stofna. Hrygningarfiskar úr Öxará eru sannarlega einnig í Þorsteinsvíkinni en ekki í eins háu hlutfalli og frá hinum

**„Því bið ég menn að bregða sér ekki í liki löndunarkrana þegar þeir lenda í góðri urriðaveiði í vatninu.“**

riðstöðvunum. Til að gefa innsýn í þann áratjöldu sem þessi storvoxn hrygningarfiskar taka þátt í hrygningunni, þannig að veiðimenn geti betur átt að sig að því gagni sem slepping á sílkum fiski gerir, þá get eg nefnt að af þeim hrygningarfiskum sem voru merktir í Öxará 2008 eru 20% enn að hrygna núna 2012. Þetta er fimmtíð haustið sem þeir koma á riðstöðvar að meðtöldu merkingarhaustini. Því bið ég menn að bregða sér ekki í liki löndunarkrana þegar þeir lenda í góðri urriðaveiði í vatninu. Þingvallaurriðinn er náttúrugersemi sem okkur ber að varðveita.”


*Hvers vegna er urriðinn á ferð við landið snemma á vorin en sést minna á sumrin?*

„Það er að stærstum hluta tengt atísastandinu. Á vorin er effir meiru að slægjast við landið og urriðinn auk þess tökuglaður í meira lagi, langsoltini eftir veturinn. Þegar kemur fram á sumar og aðstæður úti á dýpi svæðum Þingvallavatns hafa breyst með auknum fjölda murtu og hitaskiptalagi þá fer stórríðinn að eyða mestum tíma þar enda er þá mestu vonin á góðum atísbita úti á dýpinu.”

## Banna ætti stórríðin net

*Hefur netaveiði í vatninu mikil áhrif á viðkomu urriðans?*

„Netaveiðin hefur mér vitandi verið svipuð að umfangi síðasta áratuginn. Netaveiðar eru ekki stundaðar af sama krafti og áður var þegar murtan var nýtt að ráði. Það er sjálfsagt og eðlilegt að nýta gæði vatnsins með netaveiðum, fyrst og fremst vegna þess mikla magns sem þar er af bleikju. Á sama hátt finnust mér eðlilegt að tekið sé tillit til þess sess sem urriðinn hefur í lífríki vatnsins, þar með talið þeirri staðreynd að nú er kominn vænlegur við að því að urriði sem hrygning sunnanvert í vatninu sé að byggjast upp. Með hliðsjón af því fyndist mér athugandi fyrir Veiðifélag Þingvallavatns að taka það til skoðunar að mælast til þess að menn noti ekki stórröðin net sem taka eingöngu rígvæna urriða og allra stærstu ránbleikjur. Jafnvel mætti athuga það að ganga lengra og banna notkun slíkska neta. Í tengslum við veiðar á stórum urriða þá er full þörf að benda á þá staðreynd að fiskar sem eru 60 sentímetrar að stærð eða stærri eru að meðaltali með meira magn af kvikasilfri en reglugerðir kveða á um að sé æskilegt til mannielsis. Neysla á slískum fiski er því beinlínus varasöm.“



#### *Hversu stór telur þú að urriðastofninn sé í heild sinni?*

„Ég hef miðað við fyrirliggjandi gögn áætlað að fjöldi hrygningarfiska í vatninu öllu sé á bilinu 12 til 15 hundruð hrygningarfiska í vatninu öllu. En það eru nokkur óvissumörk í þessu mati. Sýnu erfidara er reyndar að leggja mat á magnið af geldum Þingvallaurriða.“

#### *Hvað um Útfallið og Efra Sog. Er stofninn þar að ná sér?*

„Útfallið er að ná sér á strik. Síðustu sex ár hefur verið virk hrygning í Efra Sogi. Þar hefur stofninn hins vegar átt undir högg að sækja vegna kololöglegrar veiði á hrygningartima. Urriðinn hrygnir mest í Efra Sogi rétt fyrir neðan stífluna. Stórhliuti þessara fiska hefur komið úr Þingvallavatni. Þeir fara undir virkjumarlokurnar niður en komast ekki upp aftur. Ég hef fulla trú á því að fiskvegurinn sem Landsvirkjun áformar að byggja þarna á komandi ári muni hjálpa urriðanum á þessu svæði mikil. Í Efra-Sogi er hrygningarfiskurinn að störfum árum saman líkt og í Öxará, það gilti til dæmis

**„Ég hef miðað við fyrirliggjandi gögn áætlað að fjöldi hrygningarfiska í vatninu öllu sé á bilinu 12 til 15 hundruð hrygningarfiska í vatninu öllu.“**

um einn urriða sem ég hitti fyrst árið 2007 en hann var í haust kominn þarna einn ganginn enn til að sinna sínum ástamálum.“

#### *Finnst þér að banna ætti alfarið dráp á Þingvallaurriða?*

„Nei, svo langt þarf ekki að ganga. Hins vegar verða veiðimenn að bera tilhlýðilega virðingu fyrir þessum fiski. Í því felst að taka tillit til sérstöðu hans og að sjálfsögðu að fara eftir þeim reglum sem gilda um veiðar í Þingvallavatni. Fyrst og fremst tel ég mikilvægt að menn veiði ekki urriða utan lögbundins veiðitíma og gæti hófs við veiðarnar. Veiðarnar undan Nesjahrauni allan veturninn eru dæmi um veiðar sem ættu ekki að eiga sér stað. Ég vil minna veiðimenn á það að ef þeir sleppa Þingvallaurriðarum í stað þess að landa honum þá eru þeir þar með að veita þessum konungi íslenskra ferskvatnsfiska höveislum.“

#### **Gengur grimmt í vatnavöxtum**

##### *Hvaða aðstæður laða urriðann upp á riðstöðvarnar?*

„Hvað Öxará varðar þá eru það fyrst og fremst miklir vatnavextir. Í haust gekk mest af urriðanum í ána við slík skilyrði þegar án var orðin kolmórauð enda var skráð rigning á Þingvöllum 36 mm þann sólarhring. Við slíkar aðstæður er urriðinn að ganga jafnar yfir sólarhringinn en ella sem tengist að hluta því að vatnið er skolað, því í tæru vatni er algengast að urriðinn gangi á riðin í ljósaskiptunum og á nöttunni. Í látanum núna í haust þegar mest gekk á fóru 75 urriðar upp um fiskteljarann í Öxará á klukkutíma sem er með ólíkindum.“

##### *Hvenær hrygnir urriðinn svo?*

„Almennt er mest að gerast í hrygningunni í október en tíðarfær ræður vissulega miklu. Topparnir í hrygningunni eru þegar hlýindi örva hana og kólnun samhliða frostum dregur úr henni. Stóru

Netaveiðar í Þingvallavatni hafa minnkað á síðustu árum og eru ekki stundaðar af sama krafti og áður. Hér er Krókslögn dregin og í netinu er urriði.



Sárir. Hængarnir bitast um fegurstu hrygnurnar á riðstöðvunum og fá það svona sár á roðið. Það grær allt saman yfir veturinn.

urriðarnir halda lengst úti á riðunum og í því sambandi má nefna að hrygnan sem við fundum hrygnandi í Öxará síðla í janúar eitt árið var einnig stærsta hrygnan sem gekk í ána það árið og hængarnir sem dvöldu með henni voru einnig allir dölgar í yfirstærð.

#### Dvelja hrygnurnar eitthvað við holurnar eftir að þær hafa hrygnt?

„Nei, þær fara fljóttlega eftir það. Hængarnir geta hinsvegar verið með margar í takinu. Þegar hrygnan sem þeir hafa hrygnt með fer út í Þingvallavatn, snúa þeir sér að þeirri næstu. Þó sér maður þó sem halda saman allan tímann og mér er minnisstætt fyrir slíkt trygglyndi geysisöflugt þar sem ég fyrir vikið kallaði Höllu og Eyyvind.“

Auk alls þess sem blasir við á riðunum hefur maður með tímanum uppgötvað betur og betur aðra hluti sem minna fer fyrir en eru árlega í gangi samhlíða hrygningunni. Þarna eru t.d. afræningjar iðnir við sinn starfa. Stokkondum og

fiskiðum finnast hrognin lostæti. Einstaka bleikja kemur líka til að fá sér bita, þær eru ekki margar en maður sér þetta.“

#### Hversu lengi eru hrognin í holunni áður en þau klekjast út?

„Hrognin eru mislengi að klekjast enda þurfa þau ákveðinn uppsafnaðan hita til þess að ná því stigi. Seiðin klekjast úr hrogni frá vori og fram á sumar. Þau eru síðan í Öxaránni hluta úr sumri eða sumarlangt áður en þau ganga út í Þingvallavatn og um leið verður matseðill seiðanna fjölbreyttari.“

#### Nýta sér allt vatnið í ætisleit

#### Bú hefur endurheimt marga urriða sem þú hefur merkt með rafeindafiskmerkjum. Hvadá upplýsingar geyma þau?

„Ég hef safnað upplýsingum um afþerli urriðans í Þingvallavatni og yfir umhverfi hans þar, t.d. vatnshita og fleira, samfellt í yfir áratug. Rafeindafiskmerki af ýmsum gerðum, sem urriðarnir hafa borið, hafa

**„Hrognin eru mislengi að klekjast enda þurfa þau ákveðinn uppsafnaðan hita til þess að ná því stigi. Seiðin klekjast úr hrogni frá vori og fram á sumar. Þau eru síðan í Öxaránni hluta úr sumri eða sumarlangt áður en þau ganga út í Þingvallavatn.“**

gert kleift að kortleggja afþerlisivistraði urriðans í vatninu með hliðsjón af þeim upplýsingum sem merkin safna. Á meðal þessara gagna eru ítarleg gögn um hitafar

Þingvallavatns öll þessi ár með hliðsjón af árstíma og dýpi, nokkuð sem væri þess virði að taka saman sérstaklega til að eiga yfirlit yfir þær breytingar sem átt hafa séð stað í vatnunum á þessum tíma. Urriðar úr Óxará nýta sér allt þingvallavatn þó svo að allra syðsti hlutinn komi minnst við sögu ætisgangna þeirra en þó hafa merktir fiskar úr Óxará orðið uppvísir að því að ganga niður í Útfallið, Efra-Sog og Úlfliðsvatn.

Almennt gildir að þegar hrygningunni í Óxará lýkur heldur urriðinn til murtuveiða út í þingvallavatn þar sem hann etur af fremsta megni þar til vatnshitin er kominn niður í vetrarástand nálægt áramótum. Í kjölfar þess tíma halda flestir urriðarnir á vetrusetustöðvarnar sem aðallega eru á svæðum þar sem káldar lindir streyma inn í Pingvallavatn. Í svalanum að vetrinum liggja þeir oft grafskyrrir langtínum á sama stað. Frá áramótum og fram á vor hættu þeir að éta að mestu enda nálega tilneyððir því lágor hiti vatnsins gerir það að verkum að meltingarhraðinn er í sama dýr. Sumir urriðarma finna leið fram hjá þessum aðstæðum með því að sækja í svæðin undan Nesjahrauninu þar sem innstreymi á heitu lindarvatni gerir þeim kleift að melta hratt og örugglega. Vegna þess að urriðinn beitir sjón við veiðarnar þá verða þessar vetrarveiðar urriðars í skammdeginu á murtunni aldrei eins óflugar og að sunrinu þegar birtu nýtur allan sôlarhringinn.

## Það á breytingum í rannsóknahverfi

**Laxfiskar er eina einkarekna fyrirtækið hérlandis í fiskirannsóknunum. Hvers vegna er það?**

„Það er nú þannig að starfsumhverfi fiskirannsóknna hérlandis hefur þróast mjög haegt og því erfitt að hefja sjálfstæðan rekstur á þessu sviði. Ástæðan er fyrst og fremst sú að opinberir aðilar bjóða ekki út rannsóknarverk og sá samkeppnislegi ójöfnudur sem er á milli einkaaðila og rikisaðila í fiskirannsóknunum. Einnig hefur hamlað að vissir hlutar almenna sjóðakerfisins sem styður við grunnrannsóknir hafa ekki þróast nægilega með hliðsjón af þáttöku einkafyrirtækja í grunnrannsóknunum. Þeg hef starfrækt Laxfiska í tíu ár og var lengi vel eini starfsmáðurinn. Nú erum við orðin tveir í fullu starfi við hvorutveggja þjónusturannsóknir og grunnrannsóknir.

Stærsta þjónustuverkefnið er unnið fyrir Stangaveiðifélag Reykjavíkur og felur í sér vöktun á fiskstofnum Fljóðaánnar með árlegum rannsóknunum. Ónnur dæmi um þjónustuverk eru úttektir á búsvæðum áa og fiskstofnum meðal annars á seiðabúskap með rafveiðum en einnig má nefna rekstur fiskteljara og örmerkingar seiða. Grunnrannsóknir sem við sinnum taka hvorutveggja til lax og silungs en einnig sjávarfiska á borð við ýsu, steinbits og þorsks. Dæmi þar um frá ferskvatnsfiskunum eru rannsóknir á ferðum lax í sjó með rafeindafiskmerkjum s.s. með gervitunglafiskmerkjum, áttavitamæli-merkjum, hliðsendimerkjum, rannsóknir á göngum sjóþirtinga í sjó og ferskvatni og rannsóknir á Þingvallaurriðanum sem þjóna einnig sem vöktun á stærð og samsetningu hrygningarfostofsins.

Enda þótt Laxfiskum hafi auðnast að sinna fjölbreyttum rannsóknum á sinu starfssviði þá veldur sú stöðun sem ríkir í starfsumhverfi fiskirannsóknna því að það er í meira lagi slungið rekstrarlega að starfa við núverandi starfsaðstæður.“

## Hvernig ætti þetta umhverfi að breytast að þínun mati?

„Höð opinbera þarf að taka tillit til einkarekina aðila á þessu sviði líkt og á öðrum starfssviðum í þjóðfelaginu. Fyrsta verk á dagskrá væri að opinberir aðilar svo sem Landsvirkjun, sem kaupa rannsóknabjónustu á sviði fiskirannsóknna, myndu bjóða út rannsóknarverk. Í öðru lagi þarf að laga samkeppnisrekstur ríkisstofnanna í rannsóknum að þeim lagaviðmiðum samkeppnisлага sem einkarekin fyrirteki þurfa að fara eftir. Einnig þarf að bæta aðgengi einkaaðila að sjóðakerfinu sem styrkir grunnrannsóknir. Hér er þó rétt að halda til haga að styrkja kerfið í heild að baki grunnrannsóknunum hérlandis hefur þróast umtalsvert á síðasta áratug. Það eru hinsvegar ákveðnir tálmar í sjóðakerfinu erinþá sem takmarka samkeppnisstöðu einkarekina rannsóknaaðila þegar keppt er um styrkið. Versta dæmið þar um er að þrátt fyrir strekaðar óskir um úrbætur skuli einkareknir rannsóknaaðilar ekki geta tengið styrki til að mæta kostnaði við kaup á rannsóknatækjum úr Tækjasjóði Rannsóknar og ríkisreknir rannsóknaaðilar. Einnig þarf að þroa áfram frekari útfærslur á hlutfallslegu mótframlagi rannsóknaaðila við framkvæmd styrkveitinga til grunnrannsóknna enda hvorki vænlegt né sanngjarnit að styrkveitingar til rannsóknna-

**„Það er nú þannig að starfsumhverfi fiskirannsóknna hérlandis hefur þróast mjög haegt og því erfitt að hefja sjálfstæðan rekstur á þessu sviði.“**

verkefna einkarekina rannsóknaaðila sem hljóta þann dóm fagaðila að vera styrkhæf vegna kosta sinna umfram önnur verkefni þurfi að standa og falla með hliðsjón af því hvort rannsóknnaðilini geti reitt fram 50% af rannsóknakostnaði. Slikt helmings mótframlag er eðilega auðveldara í framkvæmd fyrir ríkisaaðila og reyndar tilkomið frá þeim tíma að allir rannsóknnaðilar voru ríkisreknir að segja má. Eftir aðfinnslur mínar og fleiri aðila má reyndar sjá dæmi bess i sjóðakerfinu sem styður grunnrannsóknir að byrjað er að hríða við þessu mótframlagshlutfalli rannsóknnaðila enda kominn tími til að auka jafntæði eitthvað í þessum málum.

Vardandi hæga framþróun í starfsumhverfinu sem við hjá Laxfiskum stórfum í þá er margt skiljanlegt í þeim eftum en annað ekki, Laxfiskar hafa nú starfað áratug á sviði fiskirannsóknna og enn litur ekki út fyrir annað en innbyggði ójöfnudurinn verði um sinn afraim hlutskipti þessa starfsumhverfis. Litið til rannsóknabjónustu sem tekur til lax- og silungs þá er ljóst að það kann ekki góðri lukku að stýra þegar Veidmálastofnun fær að stunda algerlega óhefta samkeppni á þessu sviði og er samtímis sá aðili sern lögum samkvæmt þarf að gefa umsagnir sem varðar veiðifelög og aðra þá sem kaupa rannsóknabjónustu. Þess háttar vinnubrögð tilkast mér vitandi ekki lengur á öðrum starfsvettvangi hérlandis.

## Rannsóknir á fiskum eins og vegagerð

Einhverjum finnst sjálfsgagt að rannsóknir og jafnvæl fiskirannsóknir óðrum fremur sér best geymdar í ríkisrekinni umsjá. Vissulega er fjölmargt sem eðilegt er að ríkið sinni sjálf eða hafi umsjón með og það gildir í rannsóknum sem annars staðar. Nú þegar samfélagið hefur breyst með þeim hætti að sérfræðingar í rannsóknum af öllum mögulegum toga eru til að hverju strá, þá er sjálfsgagt og



Umhverfið á riðstöðvum Óxarárurriðans er eitt það fugursta á Íslandi. Hér sjást nánast allar riðstöðvarnar og ef vel er að gáð má sjá bakugga og sporða standa upp úr á fluðinni. Parna ídaði allt af lífi.

eðlilegt að fára opinbera umgjörð í starfsumhverfi rannsóknna til samræmis við önnur starfssvið í þjóðfélögnum. Með því móti má komast að því hvar mögulegt er að hagræða í rannsóknum með því að eftirláta einkaaðilum þau verk sem þeir geta unnið jafn vel eða betur en ríkisaðilar.

Það breytir því ekki að þær upplýsingar sem fást með rannsóknum sem unnar eru af einkareknum rannsóknaðilum fyrir almannafé verða líkt og verk ríkisrekimna rannsóknaðila aðgengilegar almenningi.

Nú er liðinn sá tím i fiskirannsóknum þar sem eðlilegt þótti að eingöngu ríkisstofnanir sáu um hvert einasta handtak sem vinna þyrfti í slíkum rannsóknum. Í þessu sambandi er við haft að skoða dæmusoðu frá öðru starfssviði. Hver man ekki eftir því þegar Vegagerð ríkisins byggði alla vegi landsins og brýr enda í hæsta máta eðlilegt þegar sérþekkingin og aðstaðan var einvörðungu fyrir hendi þar. Vegagerðin er sem fyrr mikilvæg

rkissstofnun en samhliða breytingum í þjóðféluginu þótti sjálfsagt og eðlilegt að starfshættir á starfssviði vegagerðar breyttust þegar slíkt gat falið í séi hagræðingu. Þess vegna þykir sjálfsagt og eðlilegt í dag að allir þeir sem tilskilda þekkingu hafa, réttu tækin og aðstöðuna geti sinnt vegagerðarverkefnum. Útboð eru meðal annars notuð til að ákváða hvað sé hagkvæmt og hvað ekki í þeim efnum og Vegagerðin gegnir sem fyrr mikilvægu hlutverki þó starfsemin sé með öðrum haetti en á árum áður.

Þegar litið er til ríkisrekimna rannsóknaðila sem stunda fiskirannsóknir þá er það Hafrannsóknastofnunin sem er og verður ráðandi aðili í rannsóknum á sjávarfiskum og viðfæðum umhverfum þeirra enda breiddin í sérfræðiþekkingu og sérhæfðum tækjabúnaði nokkuð sem skapar þeim algera sérstöðu. Það breytir því ekki að einkareknir rannsóknaðilar á borð við Laxfiska geta einnig sinnt afmörkuðum rannsóknaverkum á sjávar-

## UM ELLIÐAÁR

*„Ef aðstæður verða svip-  
aðar næstu sumur þá  
munu ókjör af seiðum  
ganga til sjávar og ef  
þau fá kjöraðstæður í  
hafi þá gæti veiðin 2014  
og ekki síst 2015 orðið  
óvenju góð.“*

fiskum þar sem styrkur þeirra er mestur pannig að mögulegt sé að skila hagnýtu verki á hagkvæmari hátt en ella væri gerlegt. Með því virnst ýmislegt. Í fyrsta lagi er á hagkvæman hátt aflað nýrra rannsóknagagna sem nauðsynlegt er talið að afla og niðurstöðurnar gerðar aðgengilegar þannig að Hafró, útgerðaraðilar o.fl. geti nýtt sér gögnin sér til framdráttar í stórfum sínum. Í öðru lagi skapast vinna



sem um leið gerir kleift að viðhalda og sérhæfa enn frekar sérþekkingu innan fyrirtækisins.

Veiðimálastofnun er hinn ríkisaðilinn sem sinnir ríkisrekstrí í fiskirannsóknunum. Þar er annað uppi á teningnum en hjá Hafrannsóknastofnun hvað varðar samsetningu mannafla stofnunarinnar og tækjakost. Vegna þess að rannsóknahlutverk Veiðimálastofnunar felst í því að safna og miðla upplýsingum um íslenska ferskvatnsfiska þá er sérfræðisviðið þrengra en hjá Hafró og tækjabúnaður til rannsókna í ferskvatni einfaldari og öðyrari í rekstri en búnaður til sjávarrannsókna almennt en gleggsta dæmið þar um er dýr rekstur rannsóknaskipanna Árná Friðrikssonar og Bjarna Sæmundssonar. Með hliðsjón af sérhæfingu og nauðsynlegum tækjabúnaði er ljóst að nú á dögum geta ýmsir sinnit rannsóknavinnu á svíði Veiðimálastofnunar. Enda hefur það verið svo um árabil að auk Laxfiska hafa sérfræðingar tekið að sér fjölbætt verkefni, bæði einstaklingar svo sem Jón Kristjánsson fiskifraeðingur og aðrir aðilar svo sem náttúrustofur. Þessi samkeppnisvettvangur ríkis- og einkaaðila er nefndur hér til undirstrika hversu timabært það er að hagkvæmni rannsókna á ferskvatnsfiskum sé athuguð með annars með því að bjóða út hluta þeirra rannsóknastarfa sem Veiðimálastofnun sinnir í dag.

I þessu sambandi má nefna að það var einmitt slíkt hagkvæmnissjónarmið sem réði því að Laxfiskar tóku við fiski-

rannsóknunum í Elliðaánum af Veiðimálastofnun. Þar er um að ræða vöktnarrannsóknir sem eru framkvæmdar með alveg sama hætti og aður, sem er mikilvægt svo gildi samanburðarins sé ekki raskað. Veiðimálastofnun getur sem fyrr nýtt sér niðurstöður rannsóknanna í sinum störfum. Rannsóknirnar í Elliðaánum eru því gott dæmi um hvernig hagsýni og sérhæfing Laxfiska skilar góðu rannsóknaverki samtímis því að kostnadar við rannsóknirnar lækkar.

#### Talandi um Elliðaárnar. Hvað er um að vera þar?

„Á heildina litið virðist seiðaastandið núna í haust vera þannig að annað eins magn af seiðum hefur held ég aldrei sést í ánni. Í fyrra var ástand sem líkist meðalári en núna var þrisvar sinnum meira af seiðum en þá. Þetta þýðir að hið einstaka tilfar í sumar hefur haft mjög góð áhrif á uppvöxtinn. Í fyrra var óvenju mikill lax eftir í ánni til hrygningar og það spilar auðvitað inn í þetta. Ef aðstæður verða svipaðar næstu sumur þá munu ókjör af seiðum ganga til sjávar og ef þau fá kjöraðstæður í hafi þá gæti veiðin 2014 og ekki síst 2015 orðið óvenju góð. Það verður mjög spennandi að tylgjast með þessu.“

#### Veiðir þú sjálfur?

„Ég geri það nú og ástæðan fyrir því að ég fór í þetta starf var einmitt veiðið hugi. Ég geri hins vegar syndsamlega lítið af því að veiða á stöng númerið. Sem krakki



Fallegur afli. Urriðinn veiðist í netalagnir í Þingvallavatni. Þessir komu í net þorófs Jóhannessonar en hann veiðir í net frá bænum Króki. Ef þeir eru lifandi í netunum sleppir hann þeim.

var ég reyndar algjör veiðisjúklingur og í upphafi ferilsins á aldursbílinu 6-9 ára var ég öllum stundum í læknum í Hafnarfirði og við höfnina. Með vaxandi umsvifum í rannsóknunum hefur stangveiðin orðið undan að láta.“

A vefsíðunni laxfiskar.is er að finna margvislegan fróðleik um rannsóknir Laxfiska.



Murta úr urriðamaga. Urriðinn nær stærð sinni í Þingvallavatni með því að veiða murta. Fiskátíð veldur því hins vegar að kvíkasífur safnast upp í honum. Stór urriði úr Þingvallavatni er því fæða sem menn ættu að vara sig á.